

hverju; sá dagur er fæðingardagur Ólafs sáluga, sem sjóðurinn er stofnaður til minningar um. Sú glaðning skal kostuð af vöxtum sjóðsins, og teljast til spít- **19**
20. mars
 aladvalar barnanna.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Landlæknir, eða sá, er í framtíð fer með þau störf, sem nú teljast aðalstörf landlæknis, yfirlæknir Landsspítalans og yfirhjúkrunarkona spítalans. Þessi stjórn gerir árlegan reikning sjóðsins og birtir hann í Stjórnartíðindum landsins, úthlutar styrkveitingum og framkvæmir það, sem þörf er á í sjóðsins þarfir.

En þangað til Landsspítali er kominn upp og sú stjórn sjóðsins er komin á laggirnar, sem hjer er gjört ráð fyrir, þá skal stjórn Landsspítalasjóðs kvenna sjá um sjóðinn, geyma viðskiftabók hans við aðaldeild Söfnunarsjóðsins, gjöra árlegan reikning og birta hann, eins og hjer er fyrir mælt.

6. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Reykjavík, 12. júní 1921.

Guðríður Guðmundsdóttir. Ólafur Ólafsson.

Auglýsing

um

læknissetur í Grímsneshjaraði.

Með ráði sýslunefndarinnar í Árnessýslu og samkvæmt heimild í lögum nr. 34, 16. nóvember 1907, um skipun læknishjaraða o. fl., er hjermeð ákveðið, að hjaraðslæknirinn í Grímsneshjaraði skuli sitja í Laugarási í Biskupstungnahreppi.

Í dóms. og kirkjumálaráðuneytinu, 21. mars 1922.

Sig. Eggerz.

G. Sveinbjörnsson,

20
21. mars